

laun til skipaðs talsmanns ákærða, Gunnars Pálssonar cand. juris, er ákveðast kr. 60.00.

Ákærður hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan hinn 15. f. m.

Málið hefur verið rekið víðalaust.

**Því dæmist rétt vera:**

Ákærður, Sigurður Benediktsson, skal sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Gunnar Pálssonar cand. juris, kr. 60.00, greiðist úr rikissjóði.

Miðvikudaginn 23. apríl 1941.

Kærumálið nr. 3/1941.

**Bæjarstjóri Akureyrar f. h. bæjarsjóðs  
gegn**

**Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps  
f. h. hreppsins.**

Skipti milli sveitarfélaga. Frávisun.

### **Dómur hæstaréttar.**

Með kröfu 6. febrúar þ. á., hingað kominni 31. f. m., hefur sóknaraðili kært dóm bæjarþings Akureyrar frá 31. janúar þ. á., kveðinn upp af Sigurði bæjarfógeta Eggerz, og krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að dómur þessi verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að kveða upp efnisdóm í málinu, en *til vara*, ef aðalkrafan yrði ekki tekin til greina, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður. Svo krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir hæstarétti, 200 krónur eða eftir mati dómsins. Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki greinargerð né kröfur komið fram fyrir hæstarétti.

Með því að mál þetta varðar slík skipti milli sveitarfélaga sem í 65. gr. laga nr. 43/1927, 78. gr. laga nr. 135/1935 og 81. gr. laga nr. 52/1940 greinir, ber að vísa því frá dómi *ex officio*, eins og héraðsdómariinn hefur gert, og ber því

að staðfesta héraðsdóminn, þar með málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Með mál þetta er mjög aflaga farið í héraði. Dómari lætur hvorn aðilja leggja fram tvær greinargerðir og að því loknu ákveður hann skriflegan málflutning, í stað þess að gera þetta samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 jafnskjótt sem aðiljar höfðu lagt fram sína greinargerðina hvor. Síðan er málið flutt skriflega tvisvar af hendi hvors aðilja. En höfuðglöpin í málsmeðferðinni eru þó þau, að dómariinn lætur þvert ofan í 1. og 2. málsg. 108. gr. laga nr. 85/1936 aðilja sækja og verja mál að efni til til þrautar, enda þótt hann hlyti að sjá eða hefði átt að sjá, að hann yrði að vísa því frá dómi ex officio vegna ákvæða framangreindra þriggja fátækra- og framfærslulaga. Með þessum hætti hefur dómariinn valdið aðiljum óþarfri og algerlega gagnlausri fyrirhöfn og kostnaði. Hefur héraðsdómari með þessum hætti ekki gætt réttar aðferðar í meðferð máls þessa og úrlausn, og varðar þessi þingsafglöpun hans, sem teljast verður stórfellt gáleysi, sektum í ríkissjóð samkvæmt 3. málsg. 34. gr. laga nr. 85/1936, er áveðast 50.00 krónur. Þá verður og að átélja málflytjanda sóknaraðilja, Jón lögfræðing Sveinsson, fyrir hlutdeild hans í jafn fráleitri málshöfðun í héraði sem þessari, hlutdeild hans í hinni röngu málsmeðferð í héraði og loks fyrir hinar fráleitu kærurkröfur hans fyrir hæstarétti, enda þykja þessar ávirðingar hans varða 50.00 kr. sektum í ríkissjóð samkvæmt 2. tölulið 188. gr. laga nr. 85/1936 samanber 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice.

Sektir þær, er að framan greinir, skal hvor hinna dæmdu afplána með þriggja daga varðhaldi, ef þær greiðast ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði héraðsdómur á að vera óraskaður.

Héraðsdómariinn, Sigurður bæjarfógeti Eggerz, og Jón lögfræðingur Sveinsson greiði hvor um sig 50.00 króna sekt í ríkissjóð, og afpláni hvor þeirra sektina með þriggja daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan

4 vikna frá birtingu dóms þessa, er fullnægja ber að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 31. janúar 1941.**

Mál þetta hefur höfðað Steinn Steinsen bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar með stefnu, dags. 16. september 1940, gegn hreppsnefnd Grimseyjarhrepps, þeim oddvita Magnúsi Simonarsyni Grenivík, Jakobi Helgasyni Sjólandi og Óla Bjarnasyni Sveinsstöðum, til greiðslu á sveitarskuld, sem bæjarsjóður hefur greitt vegna gamalmennisins Sigurðar Jónssonar, að upphæð kr. 1793.59, auk 5% ársvaxta frá 16. september 1940. Enn fremur krefst stefnandinn málskostnaðar.

Stefndi, hreppsnefnd, krefst algerðrar sýkunar, en til vara, að hún verði ekki dæmd til að greiða nema  $\frac{2}{3}$  hinnar umstefndu upphæðar. Enn fremur krefst hreppsnefndin málskostnaðar.

Ágreiningur sá, sem ræðir um í máli þessu, er á milli sveitarstjórna, og samkv. 81. gr. framfærslulaganna skal yfirvald skera úr slíkum ágreiningi. Samkvæmt þessu ber að visa málinu frá ex officio.

Í málskostnað greiði stefnandinn stefndum kr. 200.00.

**Því dæmist rétt vera:**

Málinu visast frá réttinum ex officio. Í málskostnað greiði Steinn Steinsen f. h. bæjarsjóðs hreppsnefnd Grimseyjarhrepps, Magnúsi Simonarsyni oddvita, Jakobi Helgasyni og Óla Bjarnasyni, kr. 200.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

**Miðvikudaginn 23. apríl 1941.**

**Kærumálið nr. 4/1941. Verzlun Sigfúsar Sveinssonar  
gegn**

**Snæbirni Jónssyni.**

Ákvörðun um dómtöku og frest. — Endurupptökukröfu hrundið.

**Dómur hæstaréttar.**

Þann 26. marz þ. á. var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur málið nr. 114/1941: Snæbjörn Jónsson gegn Verzlun Sigfúsar Sveinssonar. Var málið höfðað til heimtu andvirðis